



Skógræktin
Miðvangi 2-4
700 Egilsstaðir

Sent með tölvupósti
Reykjavík, 18. júní 2021

Efni: Umsögn um drög að landsáætlun í skógrækt 2021-2031

Vísað er til tilkynningar á vef Skógræktarinnar þar sem óskað var eftir umsögnum um ofangreind drög. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir drögin eins og þau liggja fyrir og gera eftirfarandi athugasemdir. Þá hafa samtökin kynnt sér sérálit sem fylgir með skógræktaráætlun.

Samantekt

Bændasamtökin taka undir þá framtíðarsýn sem sett er fram í drögunum. Aukin skógrækt getur náð fjölþættum markmiðum líkt og segir í stefnunni. Þá er forgangsröðun markmiða skýr ogeitt aðalmarkmið skógræktar á Íslandi næstu tíu ár er að binda kolefni.

Helstu athugasemdir samtakanna lúta að eftirfarandi:

1. Við tegundaval verði horft til þess að lágmarka kostnað við bindingu svo að hægt sé að binda meira magn kolefnis með skógrækt.
2. Kostnaðarmat liggur ekki fyrir. Þannig er ekki hægt að gera sér grein fyrir því hvort að áætlunin sé raunhæf með tilliti til þeirra bjarga sem ákveðið hefur verið að leggja í skógrækt samkvæmt gildandi fjármálaáætlun

Tillögur vegna helstu athugasemda:

1. Farið yfir leyfisveitingar og stjórnsýslu sem tengist skógrækt með það markmið að draga úr kostnaði og straumlínulaga ferli.
2. Unnið verði kostnaðarmat aðgerða á grunni gildandi fjármálaáætlunar.
3. Tegundaval taki mið af því að hámarka bindingu kolefnis í skógi en einnig verði horft til annarrar verðmætasköpunar, svo sem almannagæða og timburnytja. Þannig verði fjármagn nýtt með sem bestum hætti.

1. Markmið í tegundavali – ágóði og áskoranir

Samkvæmt drögunum er eitt helsta markmið með skógrækt að binda kolefni. Sé það markmiðið er rökrétt framhald að leita skuli leiða til þess að hámarka bindingu skilyrt við þær bjargar sem til staðar eru. Þetta tengist umfjöllum um tegundaval í skógrækt en það kemur skýrt fram að því stærra hlutfall af nýskógrækt sem er birki, því dýrara verður hvert tonn kolefnis sem bundið er. Í ljósi þess að bjargar til þess að veita í loftslagsmál eru ekki óþrjótandi er ástæða til þess að nýta fjármagn með sem bestum hætti. Því kann að vera ástæða til að endurskoða tegundaval með það fyrir augum að minnka hlutfall birkis, enda sé þannig hægt að ná meiri árangri í að ná settu aðalmarkmiði áætlunarinnar. Þá er einnig ástæða til að taka inn í útreikninga þá staðreynd að nýtanlegt timbur er afurð úr skögum þar sem notaðar eru aðrar tegundir en birki. Slíkt eykur sjálfbærni Íslands á sviði byggingarefnis ásamt því að skapa störf við úrvinnslu til lengri tíma. Þannig má tvöfalda ágóða með því að leggja aukna áherslu á aðrar tegundir en birki. Þá er einnig rétt að benda á að þeim mun meiri kolefni sem hver flatarmálseining bindur, því minna



flatarmál þarf til þess að ná markmiðum. Með þeim hætti er aukið rými fyrir aðra landnotkun eða eftir atvikum verndarsvæði til að stuðla að markmiðum í náttúruvernd.

Með framangreindu er ekki átt við að ganga eigi svo langt að náttúrunni einni verði falið það hlutfall að stækka náttúruskóga, fremur að draga úr áherslu á birki án þess að minnka hlutfall þess mjög mikið. Mikilvægt er að þess sé freistað að leggja mat á þau almannagæði sem náttúruskógar framleiða til að hægt sé að nýta það mat í ákvarðanatöku um tegundasamsetningu. Þannig sé með skipulagðri kostnaðar- og ábatagreiningu hægt að vega og meta þessa þætti og taka þannig ákvarðanir sem eru í takt við þá forgangsröðun markmiða sem koma fram í skógræktaráætlun.

2. Vaxtaleiðin – markaður með kolefniseiningar

Bændasamtökin telja að hægt sé að auka hvata til skógræktar með því að koma á fót virkum markaði fyrir kolefniseiningar. Slík starfsemi þarf að hafa skýrt regluverk svo komast megi hjátvítalningu eininga og öðrum grænþvotti. Notkun alþjóðlegra viðurkenndra vottana er grunnforsenda. Afþ eim sökum taka samtökin undir þau sjónarmið sem koma fram í stefnunni á bls. 17.

Því er mikilvægt að löggjafinn skapi hvata, t.d. með afslætti af kolefnisgjaldi fyrir að styðja loftslagsverkefni. Jafn mikilvægt er að stjórnvöld séu skilvirk og að löggjafinn setji ekki íþyngjandi ákvæði, svo sem kröfur um mikið skrifræði, kostnaðarsama skýrslugerð eða tímafrekt umsagnarferli, t.d. við veitingu framkvæmdaleyfis

3. Áskoranir tengdar skipulagi

Líkt og bent er á í stefnunni þarf að gróðursetja tugþúsundir hektara af skóglendi til að ná markmiðum um kolefnisbindingu. Eigi það að raungerast er nauðsynlegt að yfirfara ferli leyfisveitinga og stjórnvöld með það að markmiði að einfalda, draga úr kostnaði og straumlínulaga ferli. Upp á síðkastið hefur komið aukin krafa um fornleifaskráningu frá Minjastofnun sem hefur haft í för með sér verulegan kostnað fyrir þá aðila sem vilja hefjast handa við skógrækt. Stjórnvöld hindranir á borð við þessa draga úr líkunum á því að markmið í loftslagsmálum náist þar sem að tíminn sem glatast í þessu ferli vinnst aldrei til baka. Þá er einnig ástæða til þess að yfirfara reglur um hæðarmörk, gróðursetningar nærri vatni og ám og að sett séu skýrari leiðbeiningar um ferli framkvæmdaleyfa á vettvangi sveitarfélaga. Mögulega væri lausn fólgin í að ábyrgð færist alfarið til sveitarfélaga um leyfisveitingar. Annar möguleiki væri að gefa vægi skógræktar það mikinn sess að auðsótt sé að fara í gegnum mat á umhverfisáhrifum, sé það fyrirstaðan.

4. Lausaganga búfjár

Á bls. 24 segir að ein leið til þess að auka útbreiðslu skóglendis sé að draga úr lausagöngu sauðfjár. Sú leið sem bent er á, að bændur sjálfir taki forystu í að finna lausnir í samstarfi við sveitarfélög og stjórnvöld er jákvæð. Þó telja Bændasamtökin að ástæðulaust sé að stefna að því að landið allt sé undir, líkt og gert er í stefnudrögum. Hægt er að auka útbreiðslu skóglendis verulega án þess að taka landið allt undir með þeim tilkostnaði sem slíkt felur í sér. Þeir hvatar sem nefndir, auknar gæðastýringargreiðslur fyrir að hafa fé innan hólfa og girðingarstyrkir er vert að kanna. Mikilvægt er að vinna af þessu tagi sé unnin í nánú samráði aðila þannig að sátt náist um þær lausnir.



5. Samþætting við aðrar áætlanir ríkis og sveitarfélaga

Bændasamtökin benda á að samspil landsáætlunar í skógrækt við aðra stefnumörkun ríkis og sveitarfélaga þarf að vera skýrt. Sem dæmi þarf að huga þarf að samlegð stefnunnar við landbúnaðarstefnu, uppfærslu á landsskipulagsstefnu, þjóðaröryggisstefnu, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og samþættingu við aðalskipulag sveitarfélaga og stefnu ríkisins í jarða- og fasteignamálum. Þá hlýtur einnig öll stefnumótun um nýtingu jarða og fasteigna að skipta máli. Nánara og markvissara samráð hefði mátt fara fram milli vinnu að framangreindum áætlunum sem unnar voru á sama tíma en til að ná árangri þarf að gæta að samlegð og rétt hæð framangreindra áætlana.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Vigdís Häsler, framkvæmdstjóri.